

BERA

Fræðslustefna

Markmið

Markmið Beru er að stuðla að starfsánægju starfsfólks og að Bera hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

Bera leggur áherslu á að gefa starfsfólki kost á að bæta hæfni sína í starfi og auka þekkingu sína til dæmis með því að sækja námskeið eða þjálfun á vegum Beru, þegar slíkt þjónar hagsmunum beggja.

Mikilvægt er að þróun starfsfólks í starfi sé á ábyrgð og að frumkvæði bæði starfsfólks og Beru.


Fræðsla innan samstæðunnar skal styðja við framtíðarhæfni starfsfólks, stafræna þróun, umbótamenningu, sjálfbærni og getu fyrirtækisins til að takast á við breytingar í rekstrarumhverfi.

Ábyrgð

Ábyrgð starfsfólks er að sýna frumkvæði að námi og þróun í starfi og taka virkan þátt í fræðslu sem styður við þeirra hlutverk innan fyrirtækisins.

Ábyrgð stjórnenda er að styðja starfsfólk í tengslum við fræðslu, skapa svigrúm til náms og fylgja eftir fræðslu og þróun innan sinna teyma.

Mannauðsstjórar sjá til þess að verklagi og áætlun sé fylgt og að starfsfólk fái viðeigandi fræðslu ár hvert. Mannauðsstjórar bera ábyrgð á utanumhaldi, framkvæmd, stuðningi og samræmingu fræðslu innan samstæðunnar, í samræmi við stefnu og markmið fyrirtækisins. Fræðsluteymi er til stuðnings mannauðsstjóra.



Framkvæmd

Hlutverk fræðslustefnu er að auka við þekkingu starfsfólks og viðhalda henni með reglulegum námskeiðum og fræðslu.

- Bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluefni, bæði í gegnum rafrænt fræðslukerfi og staðbundið nám.
- Fræðslu sem er sérhæfð ákveðnum deildum.
- Veita fræðslu og endurgjöf til stjórnenda.
- Bjóða upp á markvissa þjálfun og fræðslu sem tryggir þekkingu og hæfni til að ná árangri í starfi.
- Stuðla að starfsþróun sem hefur langtíma áhrif á starfsfólk og eflir þau til að vera enn betri í þeirra starfi.
- Hafa yfirsýn og gæta að sanngirni og samræmi í styrkveitingum til námskeiða og lengra náms (Sjá: Styrkir til starfsfólks í starfsmannahandbókinni á [Workvivo](#) eða í [Gullkistunni](#)).
- Þátttökulistar og upplýsingar um þjálfun og fræðslu starfsfólks er skjalað, ásamt því að fræðsla er skráð á hvern og einn starfsmann í mannauðskerfi.

Viska fræðslukerfi

Fræðsla starfsfólks fer að mestu fram í gegnum rafrænt fræðslukerfi, Visku. Hlutverk Visku er að auka við þekkingu starfsfólks og viðhalda henni með aðgengilegum námskeiðum og fræðslu.

Viska byggir á stoðunum Vitund -> Viska -> Vöxtur.

Vitund	Viska	Vöxtur
Við erum meðvituð um nýja þekkingu, hugmyndir og fögnum því að læra nýja hluti.	Við nýtum visku og reynslu á markvissan hátt og breytum lærdóm í skilning og færni.	Við leitumst eftir því að vaxa, eflum hæfni, styrkjumst í starfi og sjáum árangur.

Þegar að starfsfólk hefur störf hjá Beru er því veittur aðgangur að Visku og fer í gegnum nýliðafræðslu þar sem er farið yfir öll helstu atriði varðandi sögu, stefnur, reglur og rekstur fyrirtækisins.

Skyldufræðsla nýs starfsfólks er ákvörðuð út frá þörfum og út frá þeim gæðakröfum sem Bera þarf að uppfylla hverju sinni.

Fræðsluþarfir starfsfólks

Fræðslunefnd hittist að minnsta kosti einu sinni á ári og fer yfir áherslur og fræðsluþarfir ársins og skráir inn dagskrá fyrir árið. Við gerð dagskrárinnar skal styðjast við þarfagreiningu út frá

viðtölum við stjórnendur ásamt niðurstöðum úr starfsmannasamtölum frá árinu á undan. Fræðsluþarfagreiningar eru framkvæmdar árlega.

Fræðsla tengd jafnrétti og fjölbreytileika er skilgreind í jafnréttis- og fjölbreytileikastefnu samstæðunnar. [Jafnréttis- og fjölbreytileikastefna.docx](#)

Mismunandi er eftir vinnusvæðum hvernig þjálfun starfsfólks fer fram. Í vöruhúsi og framleiðslu fylgir nýtt starfsfólk reyndari starfsfólki fyrstu dagana eða vikur (fer eftir eðli starfa).

Fræðsluþarfir, eftir eðli starfa í vöruhúsi og framleiðslu Ölgerðarinnar, ásamt fyrirkomulagi og hlutverki fræðsluteymis, eru skilgreindar í verklagsreglu [VER-1120 Fræðsluskylda- og fræðsluteymi](#).